



FRÆÐSLA Á VEGUM GRUNNSKÓLADEILDAR

Endurmenntun í öndvegi

Samantekt 2021 - 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Mánudagur til menntunar.....	3
Ánægjukönnun vorið 2021.....	5
Fræðsla á deildarfundum ásamt handbók og ráðgjöf.	7
Vikupóstar	8
Fundir með árgöngum/faggreinum þvert á skóla	9
Námsvefur grunnskóladeildar	9
Endurmenntun almennra starfsmanna grunnskóla Kópavogsbæjar	10
Í startholunum 2021 - Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs	10

Inngangur

Undanfarin ár hefur grunnskóladeild staðið fyrir starfsþróunar- og endurmenntunarnámskeiðum fyrir kennara í grunnskólum Kópavogs. Aðaláherslan hefur verið á námskeið sem haldin eru í ágúst áður en skipulagsdagar skólanna hefjast. Tekist hefur að hafa námskeiðsframboðið fjölbreytt þar sem allir kennarar geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Námskeiðin eru orðin þekkt meðal kennara bæjarins undir heitinu [“Í startholunum - endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs”](#) Þegar Covid 19 heimsfaraldur skall á aðlagði starfsfólk grunnskóladeildar námskeiðin að breyttum aðstæðum og leitaði nýrra leiða til að halda úti endurmenntun og starfsþróun meðal kennara.

Auk endurmenntunarframboðs grunnskóladeildar hefur verkefnastjóri á grunnskóladeild verið í samstarfshópi SSH undanfarin ár um símenntun og starfsþróun kennara á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um áherslur og námsskeið er að finna á [fræðslusíðu](#) hópsins

Hér á eftir verður gerð grein fyrir endurmenntun og starfsþróun kennara á vegum grunnskóladeildar skólaárið 2021 – 2022.

Mánudagur til menntunar

Menntabúðir #Kópmennt er lærdómssamfélag kennara í Kópavogi. Skipulagðar eru nokkrar menntabúðir yfir skólaárið og skiptast skólarnir á að halda þær. Menntabúðirnar hafa undanfarin ár verið með frátekin endurmenntunartíma á stundaskrá á mánudögum milli klukkan 15:00 og 16:00 í samráði við skólastjórnendur. Reynsla er nú komin á að halda fræðslu á þessum tíma og er reynt að bjóða upp á endurmenntun alla mánudaga jafnt staðbundið sem rafrænt, en samkvæmt könnun sem gerð var meðal þátttakenda eftir fyrsta skólaár í heimsfaraldri sáu margir nýja möguleika til endurmenntunar með þátttöku í fjarfundi og telja það á stundum betri kost á starfstíma skóla af ýmsum ástæðum.

Í fyrstu bylgju Covid-19 var ákveðið að setja upp námsvef fyrir endurmenntun kennara þar sem námskeið voru auglýst og skráning fór fram. Vefurinn hefur reynst vel og verið viðhaldið. Kennarar og stjórnendur fylgjast þar með skipulagi endurmenntunar framboðs og skrá sig til þátttöku. Framboð á rafrænni mánudagsfræðslu skólaárið 2021- 2022 var mjög fjölbreytt eins og sjá má í eftirfarandi töflu. Fræðslan rúmaðist oftast innan klukkustundar og alltaf var boðið upp á samræður um efnið. Fræðslan var í sumum tilvikum tekin upp og glærur afhentar sem síðan voru birtar á námsvef grunnskóladeildar þannig að bæði þátttakendur og þeir sem ekki höfðu tök á að sækja fræðsluna í rauntíma gátu horft á upptöku eða skoðað glærurnar. Misjafnt var eftir skólum hvernig skráning var á fjarfræðsluna í rauntíma.

Listi yfir fræðsluna og upplýsingar um aðsókn að námskeiðunum var með eftirfarandi hætti:

Mánudagur til menntunar í tölum

	Dags.	Fj. þátttakenda	Upptaka	Glærur
Lýðræði - Okkar Kópavogur	20.09.2021	3	x	
Fjármálalæsi	20.09. 2021	8		x
Að gera verkefni í Osmo Word	27.09.2021	0	x	
Lýðræði í skólastarfi - undirbúningur barnþings	11.10.2021	18	x	
Rafrænir ratleikir – Locatify – Turf Hunt	18.10.2021	17		
Snjalltækni í skóla fyrir alla	08.11.2021	20	x	x
Tónmenntakennarar	15.11.2021	9		
Stafræn borgaravitund	29.11.2021	17	x	x
Skólasóknarvandi	06.12.2021	16	x	x
Nearpod gagnvirk kynningarforrit	10.01.2022	Frestað		
Stafræn borgaravitund - Námsefnisvefur kynntur.	24.01.2022	Frestað		
Skólaþjónusta grunnskóladeildar	31.01.2022	14	x	
Tónmenntakennarar	31.01.2022	8		
Náttúrufræðistofa og Bókasafn	07.02.2022	12	x	
Kvíði barna og ungmenna	21.02.2022	44	x	
Stafræn borgaravitund fyrir kennara á mið- og unglíngastigi.	28.02.2022	8	x	
Fjarnám og staðnám	22.02.2022	Frestað		
Nemendur með ADHD	07.03.2022	51	x	
Nýir kennarar og spjaldtölvur - seinni hluti	14.03.2022	Óskráð		
Textílkennarar	14.03.2022	Óskráð		
Smíðakennarar	21.03.2022	Óskráð		
Menntabúðir Vatnsendaskóla	29.03.2022	169		
Ísat kennsla	12.04.2022	Frestað		
Nemendur með ADHD – seinni hluti	07.04.2022	Frestað		
Hvernig kenni ég mynda- og miðlalæsi?	04.04.2022	14	x	x
Börn í sorg og skólasamfélagið	04.04.2022	18		
Menntabúðir í Snælandsskóla	25.04.2022	81		
Menntabúðir - Uppskeruhátíð - Smáraskóla	23.05.2022	83		
Samtals		610		

Fjöldi skráninga var eins sést hér að ofan **610** talsins en á bak við þær stóðu **136** starfsmenn. Í grunnskólunum starfa um 500 kennarar og því má segja að tæplega fjórðungur þeirra hafi sótt fræðsluna á einhverjum tímapunkti.

Ánægjukönnun vorið 2021

Starfsfólkgrunnskóladeildar lagði fyrir könnun um fjarfræðsluna vorið 2021 meðal þátttakenda í lok skólaársins sem gáfu ákveðna mynd um ánægju þeirra. Niðurstöður þeirrar könnunar eru um margt forvitnilegar en þær voru eftirfarandi:

Efni mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um hvort efni mánudagsfræðslunnar væri í samræmi við væntingar þátttakenda svöruðu 75% þeirra að efnið hafi verið í nokkuð góðu samræmi við væntingar þeirra eða nánast í fullkomnu samræmi (23%) og aðrir í nokkuð góðu samræmi (52,7%).

Auglýsing á mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um hvort þátttakanda fannst framboð fræðslunnar vera nógu vel auglýst svaraði ríflega helmingur (52,7%) já, fullkomlega eða nær fullkomlega (31,1%). Alls (83,7%).

Virgni þátttakenda

Þegar spurt var um hvort fræðslan krefðist mikillar virkni af þátttakendum voru flestir hlutlausir.

Tímalengd mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um tímalengd fræðslunnar þá svöruðu 52,7% að hún væri fullkomin, 32,4% nær fullkomin og 13,5% í meðallagi.

Tímasetning mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um tímasetningu mánudagsfræðslunnar voru svörin mjög dreifð en þó fannst um helmingur svarenda tímasetningin fullkomin eða nær fullkomin. Huga þarf að því við skipulag í stundaskrá að sem flestir kennarar og helst allir komist á þessum tíma í fræðslu eða geti fengið sig lausa eftir kl. 15:00 á mánudögum.

24 (32,4%)	Fullkomin
22 (29,7%)	Nær fullkomin
19 (25,7%)	Hæfileg
5 (6,8%)	Ekki góð
4 (5,4%)	Alls ekki góð

Nýting efni fræðslunnar í starfi

Þegar spurt var um nýtingu fræðslunnar, töldu 86,4% þátttakenda fræðslan örugglega eða nær örugglega nýtast sér í starfi.

Helstu gallar

Lítill hluti svarenda, aðeins 23 af 241 svöruðu spurningunni um helstu galla fræðslunnar. Við getum lært af þeim ábendingum en spurningin var sett fram sem *opin spurning*.

Þátttakendum fannst erfiðara að halda einbeitingu. Níu aðilum fannst erfiðara að ná góðum umræðum og almennu spjalli en fjórir minntust á að finnast erfitt að hitta ekki aðra, eiga í samskiptum og mynda tengsl við aðra kennara (3). Minni stuðningur frá samstarfsfélögum á fjarfyrirlesturum var nefndur. Tveir minntust á að minna hefði verið um fyrirspurnir og að fólk væri meira til baka.

Hugmynd kom fram um að blanda aðferðum meira í endurmenntun og hafa fræðslu og heimsóknir með eftirfylgd. Aðrir gallar sem komu fram var að truflandi hefði verið að vera í skólastofunni sinni (man frekar að mæta ef ég á að fara út úr kennslustofu). Gagnrýni kom frá einstaka þátttakanda að fræðslan hafi verið lítið auglýst og að aðgengi námsvefsins þurfi að vera auðveldara. Að lokum kom fram að skuldbinding þátttakenda hefði kannski verið ábótavant þegar ekki þurfi að mæta á staðinn.

Helstu kostir

Það er sannarlega áhugavert að sjá þá kosti sem þátttakendur töldu helsta. Þeir sem oftast voru nefndir má sjá í neðangreindri töflu, en í löngum lista af svörum sáust greinilega þessir flokkar svara. Rétt er að taka fram að einungis 91 þátttakandi af 241 svöruðu spurningunni sem var *opin spurning*.

Tímasparnaður	22	Kemst frekar/oftar	3
Enginn ferðatími	12	Skilvirkni	2
Auðveldara að mæta	10	Sæki endurmenntun betur	2
Upptökur - sveigjanlegt áhorf	6	Óháð tíma	2
Bílastæði	5	Ódýrara	1
Fræðsla heima notaleg	5	Minni tafir	1
Gott / aukið aðgengi	5	Val um fræðslu	1
Minni fyrirhöfn	4	Góð leið til að ná til fólks	1
Meiri líkur á þátttöku	4	Alltaf jákvætt	1
Óháð stað	3	Horfa saman og ræða	1
Hlusta og vinna í leiðinni	3		

Þegar spurt var hvort þátttakendur mánudagsfræðslu vildu koma einhverju öðru á framfæri kom eftirfarandi samantekt í ljós:

- Meira svona!
- Takk fyrir fjölbreytt úrval námskeiða.
- Var að kenna og ganga frá kennslu á þessum tíma sem fræðslan er.
- Frábært og takk kærlega! Spennt fyrir komandi fræðslum.
- Gott að hafa svipað fyrirkomulag.
- Ég á erfitt með að meta fræðsluna vegna þess að ég var að kenna á mánudögum til kl. 15.30 þannig að ég gat illa tekið þátt eftir áramót. Fyrir áramót gat ég tekið þátt og gerði það nokkrum sinnum. Held að þessi fræðsla hafi í heild verið vel uppsett. Endilega haldið þessu áfram.
- Mér finnst þetta komið til að vera hvað endurmenntun varðar. Jafnvel þó aftur opnast á stað-fræðslu þá finnst mér að þetta megi vera í bland, ekki að fara alveg til baka í stað-fræðslu.

- Rock on og höldum áfram að þróast!
- Takk fyrir fræðsluna 😊
- Takk kærlega fyrir að setja þetta saman og vera með skemmtilega og áhugaverða fræðslu fyrir okkur.
- Of mikið tæknilegs eðlis, sakna kennslufræðilegrar verkefnavinnu sem hægt er að nýta áfram
- Ég sakna fræðslunnar, sem voru í skólunum. Það er svo frábært að hitta aðra kennara innan sveitarfélagsins;).
- Það mætti kenna á Bitsboard og fleiri slík forrit eins og gert var í Seesaw. Það var frábær kennsla í Seesaw. Mikill kostur að geta horft á upptökur eða glærur aftur. Einnig hef ég ekki séð kennslu í forritun fyrir unga nemendur.
- Er bara ánægð með þetta.
- Frábært fyrirkomulag að hafa rafræna fræðslu, væri gott að hafa staðfræðslu og rafræna fræðslu til skiptis.
- Fræðslur frá kennurum voru mjög góðar og umræðuvettvangurinn fyrir hvern árgang :)

Fræðsla á deildarfundum ásamt handbók og eftirfylgni

Verkefnastjóri og kennsluráðgjafar í upplýsingatækni buðu upp á fræðslu á deildarfundum og/eða fundum einstakra árgangateyma á yngsta stigi vorið 2022, en spjaldtölvum í bekkjarsettum fyrir yngstu nemendurna hefur fjölgað jafnt og þétt. Fræðslan samanstóð af umfjöllun um þær áherslur sem verið er að koma á í notkun upplýsingatækni samþætt við námsgreinar, stjórnun spjaldtölva í skólastofunni, kynnt var handbók með hentugum öppum fyrir yngsta stig og að lokum var nýr námsefnisvefur um stafræna borgaravitund eða netöryggi kynntur fyrir kennurum. Í framhaldi af fræðslunni óskuðu kennsluráðgjafar eftir að fá að hitta hvern árgang fyrir sig til að ræða möguleika á notkun fyrir þennan aldurshóp og styðja við kennara áfram í innleiðingunni. Kristín Björk Gunnarsdóttir kennsluráðgjafi í UT hefur einkum séð um þessar heimsóknir til kennarateyma og stóðu þær enn yfir í lok árs 2022.

Menntaflétta undirbúin

Á einum mánudegi til menntunar var boðið upp á kynningu fyrir skóla á námsefnisvef um stafræna borgaravitund sem grunnskóladeild tók saman, en það fræðslutilboð var illa nýtt. Grunnskóladeild bauð þess í stað upp á fjarfund með kynningu á efninu og liggur aðgengileg upptaka á námsvef grunnskóladeildar. Í samstarfi við SAFT og Menntavísindasvið undirbjó grunnskóladeild [námskeið í 6 lotum um Stafræna borgaravitund](#) fyrir skólaárið 2022 – 2023. Stefnt var að því strax að tryggja tvö sæti frá hverjum skóla í Kópavogi á námskeiðinu og gera skólum þannig betur kleift að vera virkir þátttakendur í að leggja grunn að kennslu og gerð skólanámskrár í kennslu netöryggis. [Námskeið Menntafléttunnar](#) eru opin öllum skólum í landinu. Kennarar á námskeiðinu eru m.a. Bergþóra Þórhallsdóttir og Sigurður Haukur Gíslason starfsmenn grunnskóladeildar Kópavogsbæjar, en auk þeirra er Svava Pétursdóttir frá Menntavísindasviði, Sæmundur Helgason grunnskólakennari og Sigurður Sigurðarson sérfræðingur frá Saft.

Vikupóstar

Verkefnastjóri upplýsingatækni í skólastarfi hefur gefið út rafrænt [fréttabréf](#) vikulega frá því í janúar 2020. Þau komu að góðum notum í fjarvinnu frá skóla og sem tenging grunnskóladeildar við stjórnendur og kennara grunnskólanna. [Vikupóstarnir](#) nýttust til umfjöllunar um það sem hæst bar á góma hverju sinni með fréttum úr skólastarfi, kynningu á framboði á endurmenntun og kynningum á forritum og ábendingum um notkun þeirra í skólastarfinu. Verkefnastjóri UT notast við forritið Smore til að vinna vikupóstana og getur þannig séð hversu margir opna fréttabréfið.

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir útgáfudaga vikupóstanna frá 23. janúar 2020 til loka skólaársins 2021, helstu efnistök og hversu margir opnuðu útgáfuna.

Vikupóstur - vikuna - helstu efnistök skólaárið 2021 - 2022		Fjöldi sem opna
07. sept. 2021	Bekkjarsáttmálar í upphafi skólaárs	44
14. sept. 2021	Endurmenntun	70
21. sept. 2021	Okkar Kópavogur!	64
28. sept. 2021	Meiri menntun og skemmtun	60
05. okt. 2021	Heimsóknir og rafrænir ratleikir	74
12. okt. 2021	Menntabúðir #Kópmennt og skipulag fræðslu	75
20. okt. 2021	Breytingar á skilmálum, námskeið og nýtt	113
28. okt. 2021	Utís 2021, Menntabúðir #Kópmennt, móðurmál og virkt fjöltyngi	97
02. nóv. 2021	Tvinn skóli	44
11. nóv. 2021	Að kenna til framtíðar	84
16. nóv. 2021	Yngsta stig	48
23. nóv. 2021	Mynda- og miðlalæsi	34
08. des. 2021	Litlu jóla og jólatengt efni	87
08. des. 2021	Virknikort, skólasókn og samræða um Utís 2021	40
20. jan. 2022	Gleðilegt nýtt ár!	69
25. jan. 2022	Þorinn þreyttur	52
01. feb. 2022	Netöryggi og ábyrg netnotkun	38
08. feb. 2022	Kynheilbrigði	52
21. feb. 2022	Skapandi leiðir að markmiðum	146
02. mar. 2022	Sam-tal	118
08. mar. 2022	Stafræn hæfni	62
18. mar. 2022	Menntabúðir	54
23. mar. 2022	Blandað námssamfélag	83
29. mar. 2022	Tilfinningar og forvarnarsjóður	124
07. apr. 2022	Fyrir páskaleyfið	123
07. apr. 2022	Hugmyndir fyrir heimilið	292
21. apr. 2022	Kennsluhættir nútíðar og framtíðar	81
26. apr. 2022	Þakklæti	43
03. maí 2022	Nýr fræðsluvefur	46
13. maí 2022	Voruppskeran	47
18. maí 2022	Snjallir nemendur og Menntafléttan	41

25. maí 2022	Í startholunum	195
07. jún. 2022	Gleðilegt sumar!	170
	Opnanir vikupósta samtals:	2651
	Meðaltal:	80,3

Fundir með árgöngum/faggreinum þvert á skóla

Á tímum heimsfaraldurs stóð grunnskóladeild fyrir nokkrum fjarfundum fyrir kennara árganga og faggreinakennara þvert á skóla og einstaka kennarahópa. Fundirnir voru hugsaðir sem jafningjastuðningur milli skóla og að veita kennurum ráðgjöf í upplýsinga- og samskiptatækni. Í mars ári eftir að faraldurinn skall á með fullum þunga auglýsti deildin [Minni-Fjarmentabúðir](#), annars vegar fyrir 1. – 5. bekk og hins vegar fyrir 6. – 10. bekk viku síðar. Fjarfundastofum var síðan skipt niður eftir árgöngum. Engin dagskrá var auglýst önnur en að kennarar gátu þarna hist á fjarfundi úr öllum skólum og borið saman bækur og lært hver af öðrum. Fundarstjórar voru með tilbúnar spurningar til að leiða umræðuna af stað. Lítil sem engin skráning var á þessar fjarmentabúðir. Samkvæmt samtölum við einstaka kennara og tölvuumsjónarmenn í kjölfarið má leiða að því líkum að kennarar hafi verið komnir, á þessum tímapunkti, að ákveðnum þolmörkum í fjarfundahaldi og um leið líka komnir með gott aðgengi að þeim björgum sem þeir þurftu í síbreytilegu starfsumhverfi á óvissutímum.

Skólaárið 2021 – 2022 var boðið upp á fjarfundi fyrir list- og verkgreinakennara sem tókust nokkuð vel en síðan hafa þeir hópar verið að hittast á menntabúðum #Kópmennt þar sem þeir opna list- og verkgreinastofur sínar og eiga samræðu meðal jafningja.

Námsvefur grunnskóladeildar

Á tímum takmarkaðs skólastarfs brugðu nokkrir skólar á það ráð að opna námsvef fyrir nemendur sína þar sem þeir og foreldrar þeirra gátu sótt kennsluáætlanir, verkefni og hugmyndir að hreyfingu og tómstundum. Grunnskóladeild tók þessa skóla sér til eftirbreytni og opnaði [námsvef](#) fyrir endurmenntun grunnskóladeildar. Fyrst um sinn var vefurinn hugsaður sem utanumhald fjarfræðslu sem vera átti á endurmenntunardögum í ágúst. Þegar á hólminn var komið sá deildin fleiri möguleika með útgáfu veflægs aðgangs að endurmenntun og úr varð námsvefur sem heldur utan um lengri og skemmri fræðslu með fylgigögnum og upptökum, ásamt [fjarfundum](#) og umfjöllun um verkefni sem hlotið hafa [Kópinn](#) – viðurkenningu Menntaráðs. Ljóst er að námsvefur grunnskóladeildar er kominn til að vera, en huga þarf að því hvar eigi að staðsetja hann í samhengi við annað sem deildin er með veflægt og opið.

Að auki heldur grunnskóladeild úti þremur öðrum opnum vefsíðum, vefur fyrir [spjaldtölvur í skólastarfi](#), vefur með stuðningsefni fyrir kennara sem kenna [nemendum með annað móðurmál en íslensku](#) og nýjasti vefur deildarinnar er námsefnisvefur fyrir kennara um [stafræna borgaravitund](#) eða netöryggi.

Endurmenntun almennra starfsmanna grunnskóla Kópavogsbæjar

Í ágúst 2021 var í fyrsta sinn boðið upp á endurmenntun fyrir almenna starfsmenn grunnskóla Kópavogsbæjar. Námskeiðin mæltust mjög vel fyrir og eftir þau námskeið óskuðu þátttakendur m.a. eftir að haldin yrðu námskeið um samskipti við börn og námskeið um samskipti á vinnustað. Tekið var tillit til þessara óska við skipulagningu námskeiða fyrir þennan hóp haustið 2022.

Skipulögð voru fimm námskeið dagana 3. og 4. ágúst 2022 sem haldin voru í Salaskóla. Námskeiðin voru eftirfarandi:

- Samskipti við börn í skóla fyrir alla
- Samskipti á vinnustað
- Útigæsla og útileikir
- Skyndihjálp
- Líkamsbeiting

Í fyrra var gert ráð fyrir að allir starfsmenn myndu sækja þau námskeið sem í boði voru, en að þessu sinni var starfsmönnum boðið að velja á milli námskeiða og sækja þau námskeið sem hentuðu þeirra þörfum. Námskeiðið Samskipti við börn í skóla fyrir alla var best sótt af öllum námskeiðunum, eða **94** þátttakendur, Samskipti á vinnustað sóttu **64** starfsmenn, **63** tóku Skyndihjálparnámskeið, **26** sóttu námskeiðið Útikennsla og útileikir og **21** starfsmaður sótti námskeið um Líkamsbeitingu. Almenn ánægja var með námskeiðin og að almennir starfsmenn grunnskólana hafi tækifæri til endurmenntunar og að efla sig í starfi.

Í startholunum 2021 - Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs

Námskeiðin Í startholunum 2021 - voru undirbúin af mikilli bjartsýni eftir lokanir skóla og breytt skólastarf í kjölfar Covid-19 á vorönn 2021. Námsframboðið var sett fram rafrænt á vefsíðu líkt og gert var árinu áður, til að kynna námskeiðin. Skráningar voru 495 í heildina og af þeim mættu 321 á námskeiðin. Heildarskráningu má finna í töflu í **Viðhengi 1**. Námskeiðin fóru fram dagana 9. - 12. ágúst 2021. Skólaráðstefna á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun fór fram 13. ágúst í Norðlingaskóla sem m.a. nokkrir starfsmenn grunnskóladeildar sóttu. Yfirskrift þeirrar ráðstefnu var *Öll börnin okkar: Hvernig komum við til móts við fjölbreyttan nemendahóp?*

Hlutfall þeirra sem mættu á námskeiðin Í startholunum samkvæmt skráningu var um 65%. Breyttar aðstæður skráðra þátttakenda eru breyta sem oftast hefur hvað mest áhrif þegar kemur að mætingu, en sjálfsagt hefur veðurfar og það að fylgjast ekki með vinnunetpósti áhrif líka, en minnt er á námskeiðin í upphafi ágústmánaðar með netpósti til skráðra þátttakenda. Þennan þátt mætti reyna að bæta með einhverjum góðum ráðum sem höfða til kennara og skuldbindur þá meira.

Eftirfarandi námskeiðum var frestað fram í skólaárið:

Að brjóta niður vegg og byggja brýr - námskeið um blandaða kennsluhætti staðnám/fjarnám (hybrid learning). Námskeiði var frestað vegna ónógrar þátttöku.


Þykjó - þverfagleg hönnun. Námskeiði var frestað vegna ónógrar þátttöku.

Teymiskennsla - námskeiði var frestað vegna veikinda og var síðan sett upp eftir óskum skóla inni í skólaárinu.

Nýir kennarar og spjaldtölvur Námskeið frestaðist þar sem nýir kennarar voru ekki komnir með spjaldtölvurnar sínar. Hópurinn hittist hins vegar tvisvar um haustið og fékk Google bingó sem heimavinnu en bingóið hefur að geyma þjálfunarverkefni fyrir helstu Google smáforritin sem notuð eru í námi og kennslu. Eftirfarandi texti fylgdi bingóspjaldinu:

Google bingó fyrir nýja kennara í Kópavogi

Velkomin til starfa í grunnskólum Kópavogs!



Hjálagt er Bingóspjald sem inniheldur þjálfunaræfingar í Google verkfærunum. Við notum Google verkfærin í kennslu, aðallega á mið- og elsta stigi en þó eru dæmi um að kennarar noti þau með 3. - 4. bekk. Mynd 1 – Google Bingóspjald

*Ég bið þig að kynna þér **Bingóreglurnar og kynningarmyndbandið** sem þú finnur í QR kóðanum. Til að lesa QR kóðann er myndavélin í spjaldinu þínu notuð. Þegar myndavélin nemur kóðann birtast skilaboð á skjánum sem þú smellir á. Þá opnast myndbandið.*

Við biðjum þig síðan að fara eftir leiðbeiningunum og vinna viðfangsefnin. Þetta verkefni er hluti af fræðslu til starfsþróunar og telur sem endurmenntun í starfi. Þegar þú hefur lokið við að fara í gegnum allt spjaldið máttu gjarnan skila því merktu til stjórnenda. Síðar munum við draga úr innsendum spjöldum og þá gerist eitthvað skemmtilegt!

Bergþóra Þórhallsdóttir
verkefnisstjóri í UT í skólastarfi Kópavogsbæjar

Viðhengi 1 **Samantekt á þátttöku á ágústsámskeiðum grunnskóladeildar Kópavogs 2021**

	Álfhóllsskóli		Hörðuvallaskóli		Kársnesskóli		Kópavogsskóli		Lindaskóli		Salaskóli		Smáraskóli		Snælandsskóli		Vatnsendaskóli		Heildarskráning	Raunmæting	Hlutfall mættra miðað við
	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir			
Töfrandi heimur -skapandi náttúrufræðináms	0	0	0	0	3	1	4	4	0	0	4	4	2	2	0	0	3	2	16	13	81%
Málþroskaröskun	11	9	2	1	5	3	7	5	2	3	2	1	4	4	2	1	7	6	42	33	79%
Íþróttakennarinn og nám fyrir alla	3	3	4	3	2	0	0	0	1	1	2	2	2	0	0	0	1	0	15	9	60%
Einstaklingsáætlanir og eftirfylgd, samstarf kennara	5	4	15	10	13	9	12	12	7	7	3	1	9	8	3	2	6	5	73	58	79%
Nemendur og ábyrg netnotkun	1	1	3	1	3	2	1	0	2	0	1	0	2	1	1	1	0	0	14	6	43%
Námsferilmöppun og nemendasjálfsæði	6	3	5	3	0	0	2	1	1	0	0	0	1	0	2	1	0	0	17	8	47%
Vinnustofa í gerð kennslumyndbanda	0	0	1	1	2	1	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	2	0	6	3	50%
Google í skólastarfi	3	3	3	0	6	4	1	1	0	0	1	0	5	2	2	1	3	1	24	12	50%
Nemendur með röskun á einhverfurófinu	11	9	11	6	8	4	9	7	2	2	4	0	7	6	4	3	2	2	58	39	67%
Unglingabækur í samtímanum	2	2	2	1	0	0	1	0	1	0	0	0	0	0	2	2	2	2	10	7	70%
Kvíði nemenda	14	6	9	4	10	4	4	1	18	11	5	3	8	6	2	1	4	4	74	40	54%
Vellíðan nemenda - verkefnabanki	5	1	1	1	3	2	4	3	9	7	4	3	5	4	3	1	3	2	37	24	65%
Bókin og skapandi kennsla	3	1	2	1	4	3	5	5	4	1	0	0	2	1	1	1	1	1	22	14	64%
Einstaklingsmiðað nám í sérdeildum/sérúrræðum	11	7	6	4	3	1	5	1	2	1	4	1	4	2	2	2	5	4	42	23	55%
Út vil ek	7	5	2	0	11	8	2	1	2	1	1	1	1	1	1	0	0	0	27	17	63%
Rafræn útikennsla	5	4	1	0	5	5	1	1	3	2	1	1	2	2	0	0	0	0	18	15	83%
Samtals:	87	58	67	36	78	47	58	42	55	37	32	17	54	39	25	16	39	29	495	321	65%
Hlutfall mættra miðað við skráningu		67%		54%		60%		72%		67%		53%		72%		64%		74%		65%	